

Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.

Stjórnarfundur

Þriðjudaginn 15. nóvember 2022 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn í fjarfundi og hófst hann kl. 15:30.

Fundinn sátu: Einar Jón Geirsson, Pétur Friðjónsson og Ingibjörg Þórunn Steinudóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðan í dag

Ekki ennþá búið að reikna upp eignarhlutana. Einar ætlar að athuga með innlánsvexti hjá fjármálastofnunum.

Búið er að senda inn lánsúmsókn til Bygðastofnunar vegna kaupa á Suðurbraut 3 á Reykhólum.

2. Leiga á Síberu

Farið yfir greinargerðir frá tveimur áhugasömum aðilum um að leiga Síberíu. Formanni falið að ræða við annan aðilann um samning á leigu á húsinu.

3. Heimasíða

Ákveðið að leita eftir tilboð í heimasíðugerð frá nokkrum aðilum.

4. Fundur með Reykhólahrepp

Fundur bókaður með Reykhólahrepp í dag til að kynna áform Fjárfestingafélagsins Hvamms.

5. Önnur mál

Pétur lagði fram fyrirspurn hvort það sé hægt að borga fundarlaun eftir fundum en ekki bara einu sinni á ári. Formanni falið að ræða við prókúruhafa félagsins varðandi þetta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55.

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Einar Jón Geirsson,

Pétur Friðjónsson,

Ingibjörg Þórunn Steinudóttir